

3. fundur Undirbúningsstjórnar vegna sameiningar sveitarfélaganna Djúpavogshrepps, Fljótsdalshéraðs, Seyðisfjarðarkaupstaðar og Borgarfjarðarhrepps, haldinn mánudaginn 13. janúar á Hótel Héraði.

Fundurinn hófst kl. 15:00.

Á fundinn eru mættir Björn Ingimarsson, Kristjana Sigurðardóttir, Gunnar Jónsson, Hannes Karl Hilmarsson, Stefán Bogi Sveinsson, Jón Þórðarson, Jakob Sigurðsson, Helgi Hlynur Ásgrímsson, Gauti Jóhannesson, Bergþóra Birgisdóttir, Hildur Þórisdóttir, Vilhjálmur Jónsson og Aðalheiður Borgþórsdóttir.

Róbert Ragnarsson, sem ritaði fundargerð.

Þorbjörg Sandholt í fjarfundabúnaði

Elvar Kristjánsson boðaði forföll.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar lögð fram og staðfest.

1. Samþykkt um stjórn og fundarsköp

Farið var yfir drög að samþykkt um stjórn og fundarsköp. Framkvæmdahópurinn kynnti breytingatillögur frá umræðu á fundi Undirbúningsstjórnar í desember. Umræða um einstök atriði í samþykktinni.

Róberti falið að vinna áfram í skjalinu í samræmi við umræðu á fundinum og leita eftir ráðgjöf Jóns Jónssonar lögmanns um útfærslu ákvæða um kosningar til heimastjórna og framkvæmd kjörfundar.

Markmiðið er að samþykktin verði send sveitarstjórnarráðuneytinu til staðfestingar í febrúar.

2. Verkefnisáætlun

Farið yfir tímaáætlun og fjármögnun verkefnisins. Jöfnunarsjóður hefur hafnað beiðni um aukin framlög með þeim rökstuðningi að sameinað sveitarfélag muni fá framlög til þróunar þjónustu og stjórnsýslu sem muni standa undir kostnaði við þennan áfanga verkefnisins.

2. Verklag við val á nafni

Róbert kynnti minnisblað um verklag við val á nafni. Jafnframt lögð fram tillaga Ungmennaráðs um að ungu fólki verði boðin þátttaka í ferlinu.

Ákveðið að skipa nafnanefnd sem starfar í umboði Undirbúningsstjórnar. Eftirfarandi eru valin í nefndina.

- Ásdís H Benediksdóttir
- Einar Freyr Guðmundsson
- Stefán Bogi Sveinsson
- Þorsteinn Kristjánsson
- Þórunn Hrunn Óladóttir

Róbert mun boða nefndina til fundar og aðstoða við ferlið.

3. Fjárhagsbókhald

Á fundi framkvæmdahóps gerði Guðlaugur fjármálastjóri grein fyrir framgangi verkefnisins. Gerður hefur verið samningur við Wise um ráðgjöf við verkefnið. Nánari upplýsingar um framganginn má sjá í fundargerð framkvæmdahóps, en verkefnið gengur vel og er á áætlun.

Starfshópur um fjármál mun hittast fljótlega á vinnudegi með ráðgjafa frá Wise.

Ferli við að sækja um kennitölu fyrir nýtt sveitarfélag er hæfið, en kennitalan verður gefin út þegar ráðherra hefur staðfest Samþykkt um stjórn og fundarsköp.

4. Starfshópar

Róbert sagði fram upphafsfundi sem framkvæmdahópur átti með starfshópum í hádeginu þann 13. janúar. Mæting var góð og hafa starfshópar tekið til starfa. Kynningarefnið var tekið upp í Zoom og er aðgengilegt í möppu starfshópanna.

Tekin hefur verið saman listi yfir reglur, samþykktir og gjaldskrár allra sveitarfélaganna sem starfshóparnir nota við sína yfirferð.

5. Mannauðsmál

Tillaga að samkomulagi við Projects og verklýsing var lögð fram á fundi framkvæmdahóps. Framkvæmdahópur leggur til að Birni formanni verði veitt umboð til að ganga til samninga. Samþykkt.

6. Samstarfsverkefni

Frestað til næsta fundar.

7. Erindi frá sveitarfélögum til undirbúningsstjórnar

Eftirfarandi erindi hafa borist frá sveitarfélögunum.

Miðvikudaginn 04.12.19 kom bæjarráð Seyðisfjarðar saman til fundar á skrifstofu kaupstaðarins að Hafnargötu 44. Fundurinn hófst kl. 16:00

3.4. Samband íslenskra sveitarfélaga – 02.12.2019 - Breytingar á samþykktum um stjórn og fundarsköp vegna laga og reglugerða um mat á umhverfisáhrifum.

„Bæjarráð vísar málinu til undirbúningsstjórnar sameinaðs sveitarfélags“

Niðurstaða bæjarráðs tilkynnt hér með.

Afgreiðsla: Komið er til móts við ábendingarnar í tillögu að Samþykktum um stjórn og fundarsköp, á þann hátt að verkefni náttúruverndarnefnda verða á ábyrgð Heimastjórna, en skipulagsmála hjá Umhverfis-og framkvæmdaráði.

Á fundi bæjarráðs Fljótsdalshéraðs, mánudaginn 16. desember 2019, var eftirfarandi bókað m.a.:

201912031 Sameiginlegt erindi frá foreldraráðum Hádegishöfða og Tjarnarskógar

Bókun fundar Í fræðslunefnd var lagt fram erindi frá foreldraráðum leikskólanna Tjarnarskógar og Hádegishöfða þar sem hvatt er til að í sameinuðu sveitarfélagi verði ráðinn leikskólafulltrúi til starfa.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Bæjarráð tekur undir með fræðslunefnd og vísar erindinu til afgreiðslu í undirbúningsstjórn vegna sameiningar sveitarfélaganna Fljótsdalshéraðs, Borgarfjarðarhrepps, Seyðisfjarðarkaupstaðar og Djúpavogshrepps.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

Afgreiðsla. Erindinu vísað til starfshóps um félagsþjónustu og fræðslumál.

201910016 Bréf frá leikskólastjórnendum á Austurlandi

Bókun fundar Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Að tillögu fræðslunefndar vísar bæjarráð erindinu til afgreiðslu í undirbúningsstjórn vegna sameiningar sveitarfélaganna Fljótsdalshéraðs, Borgarfjarðarhrepps, Seyðisfjarðarkaupstaðar og Djúpavogshrepps. Lögð er áhersla á að fram fari greining á þeim þáttum sem vakin er athygli á í erindinu í þeim stofnunum sem um ræðir á því svæði.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

Þess er vænst að framangreindu verði komið á framfæri á næsta fundi undirbúningsstjórnar.

Afgreiðsla. Erindinu vísað til starfshóps um félagsþjónustu og fræðslumál.

201911120 - Ungmennaráð í sameinuðu sveitarfélagi

Bæjarráð fagnar ábendingu ungmennaráðs Fljótsdalshéraðs sem leggur áherslu á það að haft verði samráð við ungmennaráð og ungt fólk í byggðarkjörnunum fjórum þegar hugað er að útfærslu ungmennaráðs og öðru er varðar stjórnsýslu nýs sveitarfélags.

Bæjarráð samþykkir að vísa bókun ungmennaráðs til undirbúningsstjórnar.

Afgreiðsla. Erindinu vísað til starfshóps um stjórnsýslu.

202001008 - Fundargerð 271. fundar Hitaveitu Egilsstaða og Fella

Bæjarráð samþykkir að vísa bókun HEF undir lið 8 c til undirbúningsstjórnar vegna sameiningar sveitarfélaga. Bæjarráð lítur svo á að það verði verkefni nýrrar sveitarstjórnar sameinaðs sveitarfélags að ganga frá eigendastefnu HEF í samræmi við þær ákvarðanir sem teknar verða um veitumál í tengslum við sameininguna.

Afgreiðsla. Lagt fram til upplýsingar.

Fleira ekki gert og fundið slitið kl. 17:15.